



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Dómsmálaráðuneytið  
b.t. Guðrún Hafsteinsdóttur, dómsmálaráðherra

Reykjavík 15. september 2023

### **Efni: Birting dóma sem varða börn**

Þann 18. júlí voru áform um breytingar á persónuverndarlögum kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Áformað er að breyta tilteknum ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Í umfjöllun um úrlausnarefni áforma um viðkomandi lagasetningu kemur fram að við birtingu dómsúrlausna á netinu sé til þess að líta að leitarvalmöguleikar í leitarvélum, t.d. á vefsíðum dómstóla, auki möguleika á að tengja saman persónuupplýsingar og að við birtingu upplýsinga á netinu sé nánast ómögulegt að hafa stjórn á frekari meðferð þeirra. Vinnsla persónuupplýsinga hjá dómstólum, meðal annars sú sem felst í birtingu dóma á netinu, getur því haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi hinna skráðu og þar af leiðandi sé mikilvægt að stuðla að því að hún sé í samræmi við grundvallarsjónarmið um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Með hliðsjón af öllu þessu þyki tilefni til að endurskoða gildissvið hinna íslensku persónuverndarlaga hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga hjá dómstólum þegar þeir fara með dómsvald sitt og hvernig haga eigi eftirliti með vinnslu persónuupplýsinga á þeirra vegum.

Umboðsmaður barna hefur á síðustu árum ítrekað vakið máls á því hvernig birtingu dóma sem varða börn er háttað. Sérstaklega hefur verið bent á að dómur þar sem börn eru þolendur, t.d. í kynferðisafbrotamálum, gangi oft nærri friðhelgi barna og persónuvernd með nákvæmum atvikalýsingum, ítarlegum lýsingum á líðan barna eða að vitnað sé beint í viðkvæmar upplýsingar sem fram hafa komið í viðtölum sálfræðinga eða sérfræðinga Barnahúss við börn. Þrátt fyrir að nafnleyndar eigi að gæta hefur nafnhreinsun ekki alltaf verið sem skyldi og einnig vandkvæðum bundið að tryggja brotaþolum persónuvernd og friðhelgi einkalífs, þrátt fyrir nafnleynd, t.d. í málum sem tengjast fámennum sveitarfélögum.

Þann 30. maí 2018 héldu umboðsmaður barna og dómstólasýslan fund með fulltrúum réttarvörslukerfisins og helstu stofnunum og félagasamtökum sem gæta hagsmuna barna. Á fundinum var farið yfir reglur um birtingu dóma og framkvæmdina hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum en ljóst er að mun lengra er gengið hér á landi þegar dómar eru birtir en í nágrannalöndunum. Einnig voru rædd raunveruleg dæmi og upplýsingar úr dómum sem varða börn og greindi meðal annars ungur þolandi kynferðisafbrotis frá reynslu sinni í þessum efnum. Ljóst er af þessum dæmum að birting nákvæmra atvikalýsinga í dómum geta valdið börnum miklum sársauka og endurteknum áföllum.

Umræðan á fundinum var innlegg í vinnu dómstólasýslunnar um samræmdar reglur við birtingu dóma sbr. reglur um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðum dómstóla nr. 3/2022. Árið 2018 kynnti dómsmálaráðherra frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla og lögum um meðferð sakamála (birting dóma og myndatökur í dómhúsum) sem m.a. sneri að því að tryggja friðhelgi barna og persónuvernd við birtingu dóma. Málið var hins vegar tekið af málaskrá Alþingis. Umrætt frumvarp varðaði fleiri þætti en vernd barna og vöktu þeir þættir talsverða umræðu sem umboðsmaður barna tók ekki afstöðu til.

Þar sem í mörgum tilvikum er ekki fyllilega unnt að tryggja persónuvernd og friðhelgi barna með nafnleynd, m.a. þegar mál tengjast fámennum sveitarfélögum og þegar mistök eru gerð við nafnhreinsun, er mikilvægt að sérstaklega verði hugað að því hvernig megi tryggja hagsmuni barna og vernd friðhelgis þeirra við heildarendurskoðun persónuverndarlaga, nr. 90/2018 og þá hvort þörf sé á að breytingar verði gerðar á öðrum lögum svo sem lögum um dómstóla nr. 50/2016 og lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna